

(B. XXXV, 1).

Ed.

§2. Frumvarp

til laga um að fella niður prentun á umræðuparti Alþingistiðindanna.

Flutningsmenn: Jón Magnússon, Björn Kristjánsson, Eggert Pálsson,
Halldór Steinsson, Hjörtur Snorrason, Ingibjörg H. Bjarnason,
Jóhann Jósefsson og Jóhannes Jóhannesson.

1. gr.

Pangað til öðruvísi verður ákveðið, skulu ákvæði 52. gr. laga nr. 29, frá 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, einungis koma til framkvæmda að því er snertir þingskjöl og atkvæðagreiðslur um þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Greinargerð.

Það er sammæli flestra manna, að aldrei hafi verið meiri þörf á að spara gjöld landssjóðs og draga úr þeim á hverr. þann hátt, er má. Nú er það eftir reynslu hinna síðari ára bert, að það myndi allverulegur sparnaður i því fölginn að fella niður prentun umræðuparts Alþingistiðindanna. En með því að telja verður, að það sje forsvaranlegt að láta vera að prenta umræðurnar, er lagt til, að þetta verði gert i sparnaðarskyni. Giska má á, að með því sparist um 20000 krónur fyrir hvert þing. Gert er ráð fyrir, að forsetar ákveði það, hvernig geyma skuli skrifaðar ræður og hver aðgangur verði fyrir stjórn, þingmenn og aðra til að kynna sjer þær.